



Framfaravogin 2022

SPI á Íslandi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

Búum fólki betra líf

Samantekt niðurstaðna og þróun yfir tíma

Framfaravogin er nú birt nú í fimmta sinn. Framfaravogin mælir félagslegar framfarir í Árborg og Kópavogi en auk þess er nú, í fyrsta sinn, litið til fleiri stærstu sveitarfélaga landsins. Það er gert til að bera saman heildarniðurstöður þeirra á milli. Í þessum 9 sveitarfélögum búa tæplega 80% af öllum íbúum landsins.

Það vekur athygli hve ólík þróun virðist vera að eiga sér stað hvað varðar menntun fólks eftir námsstigum. Þannig virðist sem framfara gæti á efri menntastigum, sé litið til lengri tíma, bæði hjá konum og körlum. Ástandið fer hins vegar versnandi þegar litið er til þeirra mælikvarða sem fyrir liggja um árangur nemenda á lægri skólastigum. Hér virðist sem þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á síðustu árum til að auka gæði grunnskólamenntunar hafi ekki skilað sér í bættum árangri. Það er rannsóknarefni hvaða ástæður liggja hér að baki.

Það er áhyggjuefni að sé litið til þeirra þátta sem mæla möguleika fólks til þátttöku í samfélaginu þá hefur þróun þeirra alla jafna verið neikvæð á síðustu árum. Þótt ástandið sé betra nú hvað þetta varðar en í síðustu mælingu er langtímaþróunin ekki í þá átt sem við myndum vilja sjá. Hér gæti breytt samsetning þjóðarinnar með auknum fjölda fólks af erlendum uppruna skipt máli.

Einnig hlýtur það að vekja athygli hve þróunin hefur verið neikvæð varðandi marga þá þætti sem snúa að heilbrigði almennt. Þannig hafa reykingar aukist sem og áhættudrykkja á meðan grænmetisneysla hefur dregist saman. Líkamleg og andleg heilsa mælist mun verri en áður. Það væri áhugavert að skoða hvaða ástæður liggja hér að baki og þá sérstaklega hver áhrif Covid-19 faraldursins eru á þessa þætti.

En það eru líka ýmsir ljósir punktar. Þannig bendir ýmislegt til að fleiri hafi eignast fyrstu húseign en áður og að dregið hafi úr þröngbýli.

Almennt séð er þróun flestra mælikvarða þó neikvæð, sé horft aftur til ársins 2017. Það vekur upp margar spurningar, ekki síst hvað varðar áhrif Covid-19 faraldursins á velferð íbúa landsins.

Hvað er Framfaravogin?

Framfaravogin mælir félagslegar framfarir í sveitarfélögum þar sem horft er til margra þeirra þátta sem þurfa að vera til staðar svo að fólk geti lifað góðu lífi og bætt félagslega stöðu sína. Sérstaklega er litið til grunnþarfa, velferðar og tækifæra.

- **Grunnþarfir** snúast um heilbrigði, vatn og hreinlæti, húsnæði og öryggi íbúanna.
- **Grunnstoðir velferðar** líta til grunnmenntunar, aðgengis fólks að upplýsingum, heilsu og líðan og umhverfisgæða.
- **Tækifæri** snúast um borgaraleg réttindi, persónufrelsis, möguleikum fólks til þátttöku í samfélaginu og aðgengi að framhaldsmenntun.

Einungis er horft til mælanlegs árangurs félagslegra og umhverfisþátta, en ekki fjárútláta.

Framfaravogin nýtist ekki einungis til að sjá stöðuna á hverju sinni, heldur einnig þróun yfir tíma. Þannig má nýta hana sem stjórnæki til að bregðast við þar sem skóinn kreppir og læra af því hvar árangur hefur náðst.

Markmiðið er að draga fram stöðu félagslegra framfara sveitarfélaga á Íslandi og á sama tíma draga fram vhar hægt sé að gera betur. Til að slíkt sé mögulegt er mikilvægt að viðmiðin séu skýr, mælikvarðarnir réttmætir og vel skilgreindir og endurspegli það sem skiptir máli.

Framfaravogin byggir á aðferðum vísitölu félagslegra framfara (e. social progress index) sem reiknuð er út árlega fyrir þjóðir heims af stofnunni [Social Progress Imperative](#). Gerðar eru strangar kröfur til þeirra vísa sem valdir eru, þar sem áhersla er lögð á samræmi og áreiðanleika.


Umhverfis og félagslegir
mælikvarðar
engar efnhagsstærðir

Útkoma -
Afleiðing - Niðurstaða

Samanburðarhæf
gögn - max 5 ára

Fyrir hverja?

Framfaravogin dregur fram stöðu hvers sveitarfélags fyrir sig. Í Framfaravoginni er lögð áhersla á að mæla það sem skiptir máli. Framfaravogin veitir vísbendingar um ástandið á hverjum tíma og gagnast sen leiðarljós um hvað betur megi fara. Staðan á hverjum tíma ætti að kalla á viðbrögð, sérstaklega varðandi þá þætti þar sem úrbóta er þörf. Framfaravogin gerir mögulegt að fylgjast með þróuninni og meta árangur aðgerða til úrbóta. Þannig myndast hringrás mælinga, aðgerða og árangurs.



ÍBÚAR.

Íbúar sveitarfélags geta nýtt Framfaravogina til að **sjá stöðu hinna ýmsu mála** er snerta félagsleg og umhverfisleg atriði í sveitarfélögunum. Þá getur hún **byggt undir upplýsta** umræðu og skoðanaskipti jafnt milli íbúa sem og milli íbúa og þeirra sem stjórna viðkomandi sveitarfélagi



Stjórnendur, stjórnmalamenn og aðrir sem koma að stefnumótun.

Framfaravogin nýtist þeim er fara með stjórn og framkvæmd stefnumótunar í sveitarfélögunum með margvíslegum hætti. Þannig má nota niðurstöður hennar **við forgangsroöðun verkefna, gerð fjárhagsáætlana og almennt við stefnumótun í ýmsum málaflokkum**. Einnig er Framfaravogin tæki til að mæla og fylgjast með árangri af fjárfestingum og úrbótum á vegum sveitarfélagsins og hins opinbera



Fjárfestar, frumkvöðlar & aðrir sem láta sig uppbyggingu samfélaga varða.

Það að bæta samfélög er sameiginlegt verkefni **margra aðila** og kallar oft á þverfaglegt samstarf ólíkra hagsmunaaðila, s.s. **stjórnvalda, fjárfesta, frumkvöðla, félagasamtaka og almennra borgara**. Framfaravogin einblínir ekki á einn sérstakan þátt heldur **dregur fram heildarmynd** af félagslegum framförum í viðkomandi sveitarfélagi og getur þannig nýst sem sameiginlegur grundvöllur samstarfs, samvinnu og skoðanaskipta um hvað skuli gert, hvers vegna og fyrir hverja

Framfaravogin og tíminn



2017-2022


Á þeim fimm árum sem liðin eru frá því að Framfaravogin birtist fyrst hefur ýmislegt gerst. Þannig hafa orðið framfarir í gerð mælikvarðans og kynningu á niðurstöðum hans.

Þá birtast alltaf nýjar áskoranir. Þær sem tengjast Covid-19 faraldrinum bera þar hæst nú og það er áhugavert að sjá greinileg áhrif faraldursins á niðurstöður Framfaravogarinnar.

Nú er í fyrsta skipti ekki einungis birtar niðurstöður fyrir þau sveitarfélög sem að henni standa, þ.e. Kópavog og Sveitarfélagið Árborg, heldur einnig heildarniðurstöður fyrir 9 stærstu sveitarfélög landsins. Þannig má sjá röðun sveitarfélaganna og hvar þátttakendur í Framfaravoginni standa í samanburði við stærstu sveitarfélögin.

Mikil fólksfjölgun hefur verið á Íslandi á undanförunum árum og ekki síst þegar kemur íbúum af erlendum uppruna sem setjast að hér á landi.

Íbúum hefur fjölgað hlutfallslega einna mest í Sveitarfélaginu Árborg, eða um 28% á tímabilinu.



**Þróun íbúafjölda
2017 - 2022**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026

Úttektin 2022

Framfaravogin 2022 byggir á 50 félagslegum og umhverfislegum vísum sem falla undir víddir grunnþarfa, grunnstoða velferðar og tækifæri. 17 vísar tilheyra grunnþörfum, 19 vísar grunnstoðum velferðar og 14 víddinni tækifæri. Hér fyrir neðan má sjá víddirnar þrjár, þættina 12 og hvernig vísarnir 50 raðast niður. Nokkrar breytingar eru á vísunum frá því sem áður var, ekki síst vegna þess að nú eru 9 stærstu sveitarfélögin tekin með til samanburðar. Þá þurfti í sumum tilfellum að fella út vísa sem ekki eru lengur ínánlegir.


Grunnþarfir	Grunnstoðir velferðar	Tækifæri
 HEILBRIGÐI Glötuð ár (<65) Reykingar Áhættudrykkja Grænmetisneysla fullorðinna	 GRUNNMENNTUN Samræmd próf - stærðfræði Samræmd próf - íslenska Skólasókn á framhaldsskólastigi - erlent ríkisfang Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir Aðgengi að leikskólabjónustu	 BORGARALEG RÉTTINDI Kjörsókn Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall Traust til lögreglu
 VATNA OG HREINLÆTI Hreinsun frárennslis	 SAMSKIPTI OG UPPLÝSINGAR Nýting rafrænnar heilbrigðisþjónustu Traust til fjölmiðla Notkun bókasafna Aðgengi að háhraðatengingu	 PERSÓNUFRELSI Ótímabærar þunganir Eftirsótt búseta Launamunur kynjana Virkur ferðamáti
 HÚSNÆÐI Aðgengi að hjúkrunarrými - eldri borgarar Ánægja með aðstöðu á heimili Félagslegt húsnæði Þröngbýli Fyrsta húseign 18-34 ára	 HEILSA OG LÍÐAN Andleg heilsa Líkamleg heilsa Dánartíðni 65 - 75 ára Hár blóðþrýstingur Gæði svefns Streita fullorðinna Sýklalyfjaávisanir	 ÞÁTTTAKA Skjátímanotkun NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun) Atvinnuleysi - íbúar m/erlent ríkisfang Atvinnuleysi - 55 ára og eldri
 ÖRYGGI Ofbeldisbrot Þjófnaður (og innbrot) Öryggistilfinning Kynferðisafbrot Heimilsofbeldi Umferðaslys - vélknúin ökutæki Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	 UMHVERFISSGÆÐI Loftgæði - Svifryk Loftgæði - Brennisteinn Hávaðamengun	 FRAMHALDSMENNTUN Háskólamenntun karla Starf við hæfi - háskólamenntaðir Háskólamenntun kvenna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026

Heildarniðurstöður 2022



2017 - 2021



7 nýir vísar



594 gildi



Gagnabankar

Landlæknisembættið
Hagstofa Íslands
Umhverfisstofnun
Ríkislögreglustjóri
Samgöngustofa
Menntamálastofnun
Landsbókasafn
Póst og fjarskiptastofnun
Vinnumálastofnun



50 vísar




9 stærstu sveitarfélög landsins

50 vísar - 12 þættir
3 víddir - 1 heildarskor
9 sveitarfélög
5 ár
2970 gagnapunktur

Hér má sjá samanburð niðurstaðna Framfaravogarinnar fyrir Kópavog og Sveitarfélagið Árborg við 9 stærstu sveitarfélög landsins.

Eins og sjá má er staðan ólík eftir því til hvaða þátta er litið. Hafa ber í huga að það sem skiptir einna mestu máli er þróun yfir tíma, þ.e. hvort ástandið er að batna eða versna, frekar en staðan á einhverjum ákveðnum tíma.



Skorkort

Meðaltal 9 stærstu sveitarfélaga landsins

9 stærstu

Félagslegar framfarir

70.03



Social Progress Index

	Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð
Grunnþarfir	57.60		5	Grunnstoðir velferðar	70.02		5	Tækifæri	64.91		5
Heilbrigði	65.82		5	Grunnmenntun	51.99		5	Borgaraleg réttindi	82.84		5
Áhættudrykkja	70.54		5	Aðgengi að leikskólaþjónustu	35.94		5	Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall	82.10		5
Glötuð ár (<65)	92.98		5	Samræmd próf - Íslenska	38.17		5	Kjörsókn	62.77		5
Grænnmetisneysla fullorðna	44.96		5	Samræmd próf - Staerðfræði	38.75		5	Traust til lögreglu	92.37		5
Reykingar	72.96		5	Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir	77.30		5				
				Skólasókn á framhaldsskólastigi - erlent ríkisfa..	40.57		5				
Vatn og hreinlæti	63.21		5	Samskipti og upplýsingar	53.74		5	Persónufrelsi	60.65		5
Hreinsun frárennslis	82.0		5	Aðgengi að háhraðatengingu	94.87		5	Eftirsótt búseta	93.39		5
				Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu	31.56		5	Launamunur kynjana	57.57		5
Húsnæði	69.43		5	Notkun bókasafna	40.97		5	Ótímabærar þunganir	84.56		5
Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	70.85		5	Traust til fjölmiðla	62.91		5	Virkur ferðamáti	50.17		5
Ánægja með aðstöðu á heimili	86.92		5	Heilsa og líðan	70.22		5	Þátttaka	60.65		5
Félagslegt húsnæði	51.52		5	Andleg heilsa	35.61		5	Atvinnuleysi 55 ára og eldri	63.92		5
Fyrsta húseign 18-34 ára	33.81		5	Gæði svefns	64.56		5	Atvinnuleysi íbúa með erlent ríkisfang	65.74		5
Þróngbýli	32.98		5	Glötuð ár 65 - 75 ára	69.72		5	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)	66.00		5
				Hár blóðþrýstingur	78.21		5	Skjáttímanotkun	38.34		5
Öryggi	54.43		5	Likamleg heilsa	29.86		5				
Heimilisofbeldi	73.19		5	Streita fullorðna	35.33		5	Framhaldsmenntun	67.12		5
Kynferðisafbrot	75.23		5	Sýklalyfjaáðvísarnir	50.37		5	Háskólamenntun karla	50.31		5
Ofbeldisbrot	46.52		5	Umhverfisgæði	75.91		5	Háskólamenntun kvenna	82.64		5
Öryggistilfinning	87.04		5	Hávaðamengun	66.00		5	Starf við hæfi - háskólamenntaðir	70.90		5
Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	89.48		5	Loftgæði - Brennisteinn	94.30		5				
Umferðaslys - vélknúin ökutæki	65.82		5	Loftgæði - Svifryk	82.87		5				
Þjófnaður (og innbrot)	81.56		5								

Litakóði



Röð fæst með því að raða hvar sveitarfélagið stendur miðað við stærstu 9 sveitarfélögin.


Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vidda á hverju stigi fyrir sig.

Grunnþarfir - 9 stærstu

Grunnþarfir endurspeglu fjóra þætti sem snúa að **heilbrigði, vatni og hreinlæti, húsnæði og öryggi**. Heilbrigði einskorðast við aðgengi að heilbrigðisþjónustu og heilsusamlegri og góðri næringu. Aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu telst til grundvallarmannréttinda skv. skilgreiningu SP. Hverjum og einum er nauðsynlegt að hafa aðgengi að mannsæmadi húsnæði, það tryggir öryggi, heilsu og mannlega reisu hvers og eins. Öryggið er nauðsynlegt heilsu, friði og réttlæti jafnt sem vellíðan.

Meðfylgjandi súlurit sýnir þróun fjögurra þátta grunnþarfa milli áráanna 2017 og 2022. Hér er horft til meðaltala fyrir stærstu sveitarfélaga landsins.

Þannig virðist mega draga þá ályktun að almennt séð hafi ástandið versnað hvað varðar húsnæði og öryggi íbúanna. Ástand vatns- og hreinlætismála stendur í stað. Gögn eru hins vegar af skörum skammti og nánast ómögulegt er að fá upplýsingar um ástand mikilvægra umhverfismála. Þannig er erfitt að fullrða mikið um ástand vatns- og hreinlætismála út frá þessum mælingum.



Grunnstoðir velferðar


9 stærstu

Þegar við horfum til grunnstoða velferðar er litið til **grunnmenntunar, samskipta og upplýsinga, heilsu og líðanar og umhverfisgæða.**

Menntun er grunnforsenda framfara, frelsis og eflingu einstaklingsins. Með grunnþekkingu í lestri, skrift og stærðfræði getur hver og einn bætt samfélagslegar og efnahagslegar kringumstæður sínar og tekið virkan þátt í samfélaginu. Menntun er þannig nauðsynleg til að byggja upp gott samfélag. Gott aðgengi að hvers kyns upplýsingum og möguleikinn til að skiptast á skoðunum er nauðsynlegt til að samfélag geti verið skilvirkt, opið og ábyrgt. Þegar við horfum til heilsu og líðanar þá er verið að leggja mat á hversu heilbrigðu lífi fólk hefur tök á að lifa. Hér er horft til þess hvernig hægt er að draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum ýmissa fyrirbyggjandi sjúkdóma og mikilvægi geðheilbrigði til að stuðla að því að einstaklingurinn geti lifað hamingjusömu lífi. Öruggt og ómengað umhverfi er forsenda þess að einstaklingurinn geti lifað heilbrigðu og góðu lífi. Umhverfisgæði hafa þannig bein áhrif á heilsu fólks.

Meðfylgjandi stöplarit sýna þróun helstu grunnstoða velferðar.

Hér kemur skýrt fram að betur má ef duga skal hvað varðar grunnmenntun og heilsu og líðan. Eins og áður hefur verið nefnt eru upplýsingar um ástand umhverfismála af skornum skammti og því varhugavert að draga of miklar ályktanir út frá þessum mælingum hvað þá þætti varðar.




Tækifæri - 9 stærstu

Tækifæri fólks til að taka virkan þátt í samfélaginu og auka velsæld sína mótast af **borgaralegum réttindum, persónufrelsi, þátttöku í samfélaginu og framhaldsmenntun**.

Borgaraleg réttindi eru nauðsynleg forsenda til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Þannig er mikilvægt að tryggja frelsi fólks til athafna svo það geti hagað lífi sínu eins og það kys. Til að fólk geti tekið virkan þátt í samfélaginu þarf að tryggja umburðarlyndi. Hvers konar mismunun á grundvelli kyns, uppruna, trúarskoðana eða kynhneigðar dregur úr möguleikum fólks til virkrar þátttöku. Aðgengi fólks að framhaldsmenntun getur skapað tækifæri og auðveldað fólki að nýta þau til að skapa sér betra líf.

Meðfylgjandi stöplarit sýna þróun þátta innan víddarinnar Tækifæri.

Almennt séð hafa litlar breytingar átt sér stað varðandi borgaraleg réttindi og persónufrelsi. Þótt ekki verði séð hér að miklar breytingar hafi átt sér stað varðandi möguleika fólks til þátttöku verður að huga áfram að þessum þáttum, ekki síst í ljósi þess að samsetning íbúa landsins er að breytast með vaxandi þátttöku fólks af erlendum uppruna.



SPI og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sterk samlegð er á milli Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og vísitölu félagslegra framfara. (SPI). SPI útkoman vísar til mælikvarða á árangri en markmiðin skilgreind viðmið. Því er hægt að nýta niðurstöður á SPI til að leggja mat á frammistöðuna sbr. myndin hér fyrir neðan og endurspeglar 9 stærstu sveitarfélög landsins tekin saman.

Frammistöðumat - 9 stærstu

Heimsmarkmið 1  Heilsa og líðan Borgaraleg réttindi Persónufrelsi Húsnæði	70.79 70.22 82.84 60.65 69.43	Heimsmarkmið 7  Umhverfisgæði Húsnæði	72.67 75.91 69.43	Heimsmarkmið 13  Umhverfisgæði Öryggi	65.17 75.91 54.43
Heimsmarkmið 2  Umhverfisgæði Heilbrigði	70.87 75.91 65.82	Heimsmarkmið 8  Umhverfisgæði Persónufrelsi	68.28 75.91 60.65	Heimsmarkmið 14  Umhverfisgæði	75.91 75.91
Heimsmarkmið 3  Heilsa og líðan Heilbrigði Persónufrelsi Öryggi Húsnæði Vatn og hreinlæti	63.96 70.22 65.82 60.65 54.43 69.43 63.21	Heimsmarkmið 9  Framhaldsmenntun Samskipti og upplýsingar Umhverfisgæði	65.59 67.12 53.74 75.91	Heimsmarkmið 15  Umhverfisgæði	75.91 75.91
Heimsmarkmið 4  Grunnmenntun Framhaldsmenntun	59.56 51.99 67.12	Heimsmarkmið 10  Þátttaka Persónufrelsi Borgaraleg réttindi Öryggi	64.65 60.65 60.65 82.84 54.43	Heimsmarkmið 16  Samskipti og upplýsingar Þátttaka Persónufrelsi Borgaraleg réttindi Öryggi	62.47 53.74 60.65 60.65 82.84 54.43
Heimsmarkmið 5  Samskipti og upplýsingar Þátttaka Persónufrelsi Borgaraleg réttindi Öryggi	62.47 53.74 60.65 60.65 82.84 54.43	Heimsmarkmið 11  Umhverfisgæði Þátttaka Öryggi Húsnæði	65.11 75.91 60.65 54.43 69.43	Heimsmarkmið 17  Samskipti og upplýsingar	53.74 53.74
Heimsmarkmið 6  Umhverfisgæði Vatn og hreinlæti	69.56 75.91 63.21	Heimsmarkmið 12  Grunnmenntun Umhverfisgæði	63.95 51.99 75.91		



ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélag Suðurlands með nær 11 þúsund íbúa. Íbúum Árborgar hefur fjölgað einna mest hlutfallslega, frá árinu 2017, borið saman við önnur sveitarfélög landins eða um 28%.

ÁRBORGARKORTIÐ 2022

Meðfylgjandi er skorkort Árborgar 2022. Það sýnir stöðuna með skýrum hætti. Kortið nýtist til að bera kennsl á hvar betur má gera og forgangsraða við stjórn bæjarfélagsins.

Árborg

Félagslegar framfarir

60.22



Social Progress Index

	Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð
Grunnþarfir	47.75		6	Grunnstöðir velferðar	58.90		4	Tækifæri	74.01		4
Heilbrigði	67.32		6	Grunnmenntun	38.37		5	Borgaraleg réttindi	88.53		1
Áhættudrykkja	65.98		7	Aðgengi að leikskólaþjónustu	55.19		3	Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall	100...		1
Glötuð ár (<65)	93.52		5	Samræmd próf - Íslenska	6.06		9	Kjörsókn	70.30		1
Grænmetisneysla fullorðna	33.85		8	Samræmd próf - Stærðfræði	2.63		9	Traust til lögreglu	95.29		2
Reykinger	75.94		3	Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir	86.30		1				
Vatn og hreinlæti	0.00		9	Skólasókn á framhaldsskólastigi - erlent ríkisfa..	41.67		5	Persónufrelsi	78.19		5
Hreinsun frárennslis	0.0		9	Samskipti og upplýsingar	57.58		4	Eftirsótt búseta	94.49		7
				Aðgengi að háhraðatengingu	80.00		8	Launamunur kynjanna	44.78		7
Húsnæði	58.89		4	Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu	39.25		4	Ótímabærar þunganir	86.15		4
Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	96.97		1	Notkun bókasafna	53.30		1	Virkur ferðamáti	64.51		3
Ánægja með aðstöðu á heimili	85.60		7	Heilsa og líðan	45.12		5	Þátttaka	64.66		5
Félagslegt húsnæði	54.55		4	Andleg heilsa	4.20		9	Atvinnuleysi 55 ára og eldri	72.38		3
Fyrsta húseign 18-34 ára	18.57		9	Gæði svefns	64.21		6	Atvinnuleysi íbúa með erlent ríkisfang	79.77		2
Þröngbýli	38.74		4	Glötuð ár 65 - 75 ára	78.24		2	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)	19.42		7
Öryggi	64.78		5	Hár blóðþrýstingur	58.98		9	Skjótímanotkun	42.10		2
Heimilisofbeldi	77.04		4	Likamleg heilsa	20.14		7				
Kynferðisafbrot	55.99		8	Streita fullorðna	39.81		4	Framhaldsmenntun	64.66		5
Ofbeldisbrot	33.68		7	Sýklalyfjaávisarnir	50.22		5	Háskólamenntun karla	34.00		9
Öryggistilfinning	83.94		7	Umhverfissgæði	94.52		1	Háskólamenntun kvenna	74.00		7
Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	87.66		4	Hávaðamengun	95.93		2	Starf við hæfi - háskólamenntaðir	86.96		1
Umferðaslys - vélknúin ökutæki	34.27		7	Loftgæði - Brennisteinn	100...		1				
Þjófnaður (og innbrot)	80.90		7	Loftgæði - Svifryk	87.62		1				


Litakóði



Röð fæst með því að raða hvar sveitarfélagið stendur miðað við stærstu 9 sveitarfélögin.

Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vídda á hverju stigi fyrir sig.

Þróun SPI vísitölunnar í Árborg




Sé litið til síðustu fimm ára hefur margt breyst til batnaðar hvað varðar velferð íbúa í Árborg. Þannig eru marktækar jákvæðar breytingar hvað varðar skólasókn á framhaldsskólastigi auk þess sem dregið hefur verulega úr umferðarslysum. Nú er svo komið að Árborg fylkir sér í flokk þeirra sveitarfélaga þar sem tíðni umferðarslysa er með því sem lægst þekkist hjá stærri sveitarfélögum.

Þróunin er ekki eins jákvæð hvað varðar ýmsa aðra þætti.

Það sem vekur þó áhyggjur er sú þróun sem átt hefur sér stað varðandi andlega heilsu íbúanna. Bæði er að andleg heilsa íbúa í Árborg mælist slæm miðað við önnur stór sveitarfélög, en við það bætist að þróun síðustu ára bendir til að ástandið hafi farið versnandi. Nú eru heilbrigðismál ekki nema að hluta til á verkswiði sveitarfélagsins, en sé litið til útgjalda til félagsþjónustunnar, þá hafa þau, sem hlutfall af gjöldum aðalsjóðs, aukist nánast jafnt og þétt úr 14% í 19% á tímabilinu 2017-2019. Hér er mikilvægt að skoða hvað veldur og hvort ástæða sé til að grípa til sérstakra aðgerða til að greina og eftir atvikum bæta úr.


Meðfylgjandi súlurit endurspeglar þróun heildarskors grunnþarfa, grunnstoða og tækifæra.




Meðfylgjandi súlurit sýnir þróun heildarskors þátta hvernar víddar yfir tíma fyrir Árborg

Engin gögn liggja fyrir sem hægt er að nota til að mæla ástand vatns og hreinlætis í Árborg. Það er ánægjulegt að verið er að byggja upp hreinsunarstöð fyrir skólp í sveitarfélaginu.


Grunnþarfir



Grunnstoðir velferðar



Tækifæri



SPI vs Heimsmarkmið

Sameinuðu þjóðanna í Árborg

Hér má sjá frammistöðumat Árborgar á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með hjálp úttekta á Framfaravoginni 2022

Frammistöðumat - Árborg

Heimsmarkmið 1	67.68	Heimsmarkmið 7	76.70	Heimsmarkmið 13	79.65
 Heilsa og líðan	45.12	 Umhverfsgæði	94.52	 Umhverfsgæði	94.52
Borgaraleg réttindi	88.53	Húsnæði	58.89	Öryggi	64.78
Persónufrelsi	78.19				
Húsnæði	58.89				
Heimsmarkmið 2	80.92	Heimsmarkmið 8	86.35	Heimsmarkmið 14	94.52
 Umhverfsgæði	94.52	 Umhverfsgæði	94.52	 Umhverfsgæði	94.52
Heilbrigði	67.32	Persónufrelsi	78.19		
Heimsmarkmið 3	52.38	Heimsmarkmið 9	72.25	Heimsmarkmið 15	94.52
 Heilsa og líðan	45.12	 Framhaldsmenntun	64.66	 Umhverfsgæði	94.52
Heilbrigði	67.32	Samskipti og upplýsingar	57.58		
Persónufrelsi	78.19	Umhverfsgæði	94.52		
Öryggi	64.78				
Húsnæði	58.89				
Vatn og hreinlæti	0.00				
Heimsmarkmið 4	51.52	Heimsmarkmið 10	74.04	Heimsmarkmið 16	70.75
 Grunnmenntun	38.37	 Þátttaka	64.66	 Samskipti og upplýsingar	57.58
Framhaldsmenntun	64.66	Persónufrelsi	78.19	Þátttaka	64.66
		Borgaraleg réttindi	88.53	Persónufrelsi	78.19
		Öryggi	64.78	Borgaraleg réttindi	88.53
				Öryggi	64.78
Heimsmarkmið 5	70.75	Heimsmarkmið 11	70.71	Heimsmarkmið 17	57.58
 Samskipti og upplýsingar	57.58	 Umhverfsgæði	94.52	 Samskipti og upplýsingar	57.58
Þátttaka	64.66	Þátttaka	64.66		
Persónufrelsi	78.19	Öryggi	64.78		
Borgaraleg réttindi	88.53	Húsnæði	58.89		
Öryggi	64.78				
Heimsmarkmið 6	47.26	Heimsmarkmið 12	66.44		
 Umhverfsgæði	94.52	 Grunnmenntun	38.37		
Vatn og hreinlæti	0.00	Umhverfsgæði	94.52		



KÓPAVOGUR

Kópavogur er annað fjölmennasta sveitarfélag landsins með um 39 þúsund íbúa. Íbúum hefur fjölgað um rúm 10% frá árinu 2017. Á síðustu 25 árum hefur íbúafjöldinn nánast tvöfaldast.

KÓPAVOGSKORTIÐ 2022

Meðfylgjandi er skorkort Kópavogsbæjar 2022. Skorkortið sýnir með skýrum hætti hvar staðan er góð og hvar hana má bæta. Þannig nýtist skorkortið við forgangsröðun og ákvarðanir um áherslur við stjórn bæjarfélagsins.

Kópavogur			Félagslegar framfarir			71.65			Social Progress Index		
	Skor	Styrkleiki/ Veikleiki Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki Röð
Grunnþarfir	75.97	5	Grunnstoðir velferðar	57.79	5	Tækifæri	81.20	5			
Heilbrigði	67.49	5	Grunnmenntun	47.84	5	Borgaraleg réttindi	85.41	5			
Áhættudrykkja	69.29	5	Aðgengi að leikskólabjónustu	46.14	4	Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall	100...	1			
Glötuð ár (<65)	91.23	7	Samræmd próf - íslenska	44.59	4	Kjörsókn	63.40	5			
Græmetisneysla fullorðna	36.15	6	Samræmd próf - Staerðfræði	48.43	3	Traust til lögreglu	92.84	5			
Reykingar	73.26	6	Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir	75.87	5						
			Skólasókn á framhaldsskólastigi - erlent ríkisfa...	24.16	8	Persónufrelsi	85.28	5			
Vatn og hreinlæti	100...	5	Samskipti og upplýsingar	58.97	5	Eftirsótt búseta	94.88	5			
Hreinsun frárennslis	100.0	1	Aðgengi að háhraðatengingu	99.50	6	Launamunur kynjana	68.13	1			
			Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu	33.63	5	Ótímabærar þunganir	96.97	1			
Húsnæði	57.12	5	Notkun bókasafna	39.59	4	Virkur ferðamati	42.59	5			
Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	83.55	3	Traust til fjölmöla	63.17	4						
Ánægja með aðstöðu á heimili	90.62	4	Heilsa og liðan	58.08	5	Þátttaka	77.04	5			
Félagslegt húsnæði	43.18	5	Andleg heilsa	49.90	3	Atvinnuleysi 55 ára og eldri	61.71	7			
Fyrsta húseign 18-34 ára	25.00	4	Gæði svefns	84.21	2	Atvinnuleysi íbúa með erlent ríkisfang	65.52	6			
Þröngbýli	43.25	3	Glötuð ár 65 - 75 ára	69.34	5	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)	60.46	6			
			Hár blóðþrýstingur	77.56	5	Skjáttímanotkun	40.21	5			
Öryggi	79.28	5	Likamleg heilsa	43.17	2						
Heimilisofbeldi	77.04	3	Streita fullorðna	33.18	6	Framhaldsmenntun	77.04	5			
Kynferðisafbrot	86.22	2	Sýklalyfjaávisarnir	49.22	7	Háskólamenntun karla	68.60	2			
Ofbeldisbrot	57.90	4	Umhverfissgæði	66.27	5	Háskólamenntun kvenna	100...	1			
Öryggistilfinning	90.36	4	Hávaðamengun	31.52	8	Starf við hæfi - háskólamenntaðir	74.27	4			
Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	80.77	7	Loftegæði - Brennisteinn	85.83	7						
Umferðaslys - vélknúin ökutæki	88.91	1	Loftegæði - Svifryk	81.47	4						
Þjófnaður (og innbrot)	73.76	8									


Litakóði



Röð fæst með því að raða hvar sveitarfélagið stendur miðað við stærstu 9 sveitarfélögin.

Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vídda á hverju stigi fyrir sig.

Þróun SPI vísitölunnar í Kópavogi




Velferð íbúa í Kópavogi mælist mikil, samanborið við önnur sveitarfélög. Þannig hefur náðst mikill árangur við að draga úr hættum í umferð og auka notkun virkra ferðamáta. Vísitalan hefur ekki breyst mikið, sé litið yfir tímabilið allt. Engu að síður hafa orðið breytingar í ýmsum undirliðum.

Það verður ekki litið framhjá því að þær mælingar sem hér eru lagðar til grundvallar benda til að þróun í árangri nemenda á samræmdum prófum hefur ekki við góð. Í samanburði við önnur stór sveitarfélög er ástandið ekki svo slæmt, en þróunin er niður á við. Að sjálfsögðu má draga í efa gildi þeirra mælikvarða sem notaðir eru en þróunin er skýr.

Það er athyglisvert að á sama tíma og árangur nemenda hefur farið versnandi, mælt á þessa mælikvarða, þá hafa útgjöld til menntamála í Kópavogi aukist verulega milli ára 2017 og 2020. Þannig hefur raunhækkun útgjalda til málaflokksins verið um 8% að raunvirði á meðan fjöldi barna og unglunga á skólaaldri (6-16 ára) hefur aukist um tæp 4%. Ýmislegt getur skýrt hækkun útgjalda til málaflokksins. Forvitnilegt væri að skoða hvernig hægt sé að bæta ástand í menntunarmálum, annað hvort með betri nýtingu fjármuna eða hvort hægt sé að leita annarra leiða.

Meðfylgjandi súlurit endurspeglar þróun helstu vídda Framfaravogarinnar í Kópavogi.




Hér fyrir neðan má sjá hvernig ólíkir þættir innan hverrar víddar hafa þróast á síðustu árum. Sé litið til heilbrigðis má sjá að eftir nánast árvissan árangur lækkaði vísitala heilbrigðis árið 2021. Ætla má að hér sé um að ræða áhrif af Covid-19 faraldrinum.


Minni breytingar er að sjá í öðrum víddum, en staða húsnæðismála hefur almennt batnað frá 2018 en öryggi íbúanna mælist síst meira en áður.

Mælikvarðar á tækifæri íbúa í Kópavogi hafa batnað jafnt og þétt frá árinu 2018, sé litið til þátttöku og framhaldsmenntunar.


Grunnþarfir



Grunnstoðir velferðar



Tækifæri



SPI vs Heimsmarkmið

Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi

Hér má sjá frammistöðumat Kópavogsbæjar á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með hjálp úttekta á Framfaravoginni 2022

Frammistöðumat - Kópavogur

Heimsmarkmið 1	71.48
 Heilsa og líðan	58.08
Borgaraleg réttindi	85.41
Persónufrelsi	85.28
Húsnæði	57.12

Heimsmarkmið 2	66.88
 Umhverfisgæði	66.27
Heilbrigði	67.49

Heimsmarkmið 3	74.54
 Heilsa og líðan	58.08
Heilbrigði	67.49
Persónufrelsi	85.28
Öryggi	79.28
Húsnæði	57.12
Vatn og hreinlæti	100.00

Heimsmarkmið 4	62.44
 Grunnmenntun	47.84
Framhaldsmenntun	77.04

Heimsmarkmið 5	77.20
 Samskipti og upplýsingar	58.97
Þátttaka	77.04
Persónufrelsi	85.28
Borgaraleg réttindi	85.41
Öryggi	79.28

Heimsmarkmið 6	83.14
 Umhverfisgæði	66.27
Vatn og hreinlæti	100.00

Heimsmarkmið 7	61.70
 Umhverfisgæði	66.27
Húsnæði	57.12

Heimsmarkmið 8	75.78
 Umhverfisgæði	66.27
Persónufrelsi	85.28

Heimsmarkmið 9	67.43
 Framhaldsmenntun	77.04
Samskipti og upplýsingar	58.97
Umhverfisgæði	66.27

Heimsmarkmið 10	81.76
 Þátttaka	77.04
Persónufrelsi	85.28
Borgaraleg réttindi	85.41
Öryggi	79.28

Heimsmarkmið 11	69.93
 Umhverfisgæði	66.27
Þátttaka	77.04
Öryggi	79.28
Húsnæði	57.12

Heimsmarkmið 12	57.06
 Grunnmenntun	47.84
Umhverfisgæði	66.27

Heimsmarkmið 13	72.78
 Umhverfisgæði	66.27
Öryggi	79.28

Heimsmarkmið 14	66.27
 Umhverfisgæði	66.27

Heimsmarkmið 15	66.27
 Umhverfisgæði	66.27

Heimsmarkmið 16	77.20
 Samskipti og upplýsingar	58.97
Þátttaka	77.04
Persónufrelsi	85.28
Borgaraleg réttindi	85.41
Öryggi	79.28

Heimsmarkmið 17	58.97
 Samskipti og upplýsingar	58.97



Aðferð og útreikningar

Aðferðir þær sem hér eru notaðar hafa verið þróaðar af Social Progress Imperative og eru sömu gerðar og þær sem notaðar eru við gerð vísitölu félagslegra framfara (SPI) á heimsvísu. Allir útreikningar og vísar sem hér birtast eru yfirlirnir og staðfestir af Social Progress Imperative.

Tæknileg skilyrði

Útreikningar á vísitölu félagslegra framfara þurfa að uppfylla stöng tæknileg skilyrði.

Þannig þarf hver og einn vísir (e. indicator) að eiga við í sem flestum sveitarfélögum. Hvað varðar hvern og einn þátt (e. component) má í mesta lagi vanta mælingar fyrir eitt sveitarfélag fyrir hvern vísir.

Einnig þarf sérhver vísir að vera sóttur í sama gagnagrunn fyrir öll sveitarfélög. Sum gögn má finna með könnunum eða vera búin til með öðrum hætti. Nýjustu gögn mega ekki vera eldri en 5 ára.

Val á vísum

Allir vísar sem notaðir eru þurfa að falla að þeirri umgjörð sem SPI setur. Vísarnir þurfa að hafa skýra merkingu og eiga jafnt við í öllum sveitarfélögum. Þá skiptir máli að umbætur eða aðgerðir hafi áhrif á vísana, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti.



HLUTIR SEM HAFNA BER Í HUGA VIÐ VAL Á VÍSUM



heimild: Social Progress Imperative

Útreikningar

Við útreikninga á vísitölu félagslegra framfara þarf að framfylgja ákveðnum aðferðum.

Sérhver þáttur byggir á hugtökum sem eru almenns eðlis og getur verið erfitt að skilgreina með nákvæmum hætti. Til að ná utan um þessa þætti hefur SPI þróað ákveðna aðferðafræði sem byggir á tölfræðilegri nálgun. Er það gert með því að finna 3 – 7 viðeigandi vísa sem eru lýsandi fyrir þáttinn og nota svokallaða frumþáttagreiningu (e. principal component analysis) til að finna vægi mismunandi vísa eftir mikilvægi þeirra.

Slík greining hjálpar til við að draga út þá sameiginlegu undirliggjandi sögu sem að vísarnir segja, en á sama tíma vinsa í burtu vísa sem ekki falla vel að öðrum vísunum.

Þegar vigtir ólíkra vísa eru svipaðar er það merki um að þeir eigi vel saman. Vigtirnar eru notaðar til að ákvarða gildin á þáttunum miðað við vegið meðaltal.

Skoðað eru 9 sveitarfélög yfir 5 ár og er staðalfrávik athugað til að meta hæstu og lægstu mögulegu gildi mælinga. Vísunum er síðan snúið við þannig að auknar félagslegar framfarir skili hækkun á vísunum.

Nánari umfjöllun má finna um útreikningana og tæknileg atriði í skýrslu sérstakri aðferðafræðiskýrslu SPI á www.socialprogress.org.

Skölun

Þættir, víddir og vísar eru allar birtar á kvarðanum 0 – 100.

Skölunin fer fram með þeim hætti að besta mögulega gildi er ákvarðað (útópía) og sett sem 100, ásamt versta mögulega gildi (distópía) og látið hafa gildið núll. Önnur gildi eru sköluð til í hlutfalli. Þessi gildi eru oft ákvörðuð út frá hæstu og lægstu gildunum meðal landa, svæða eða sveitarfélaga, frá fræðilega hæstu og lægstu gildum eða frá viðurkenndum viðmiðum eða markmiðum. Sjá nánari útskýringu á útópíu og distopíu hér á eftir.

Röð - styrkleikar- veikleikar

Á skorkortunum eru tvenns konar mælikvarðar til að setja skorin í samhengi. Vegna þess hve fá sveitarfélög taka þátt að sinni er samanburður þó með öðrum hætti en er jafnan gert með SPI.

Röð vísa fæst með því að raða öllum skorunum fyrir alla vísa í viðkomandi sveitarfélagi, frá því lægsta til þess hæsta. Vísirinn með lægsta skorið fær því gildið einn. Jöfn skor fá sama gildið. Röð þátta og vídda fást með sambærilegum hætti. Þættirnir fá því raðgildi á bilinu 1 – 12, og þættirnir á bilinu 1 – 3.

Í litakóðunum fæst samanburður sem nær einnig á milli sveitarfélaga.

Styrkleikar/veikleikar sýnir hversu hátt skorið er í samanburði við öll önnur skor og á meðal allra sveitarfélagana, hvort sem um er að ræða vísa, þætti, víddir eða heildarskor

Útópía - Distópía

Í Framfaravoginni eru einungis gefin skor á skalanum 0 til 100. Hver einasti vísir er skalaður þannig að 0 er versta útkoman og 100 er besta útkoman. Því þarf að nota viðmið sem eru mismunandi fyrir hvern og einn vísi.

Þegar vísirinn er mældur í hlutföllum og útopían er 1 og distóían er 0, líkt og í hlutfall barna sem borða grænmeti þrisvar eða oftár í viku, þá er skorið sem Framfaravogin gefur jafnt og mælt hlutfall. Stundum er skalinn í hlutföllum frá 0 til 0,5 líkt og fyrir kynjahlutfall kjörinna fulltrúa. Þá fengist skorið 50 ef kynið í minnihluta væri 25% kjörna fulltrúa.

Stundum eru mælingar ekki í hlutföllum og þarf því að finna útópiu og distópiu út frá öðrum mældum gildum. Sem dæmi má nefna meðal biðtími eftir hjúkrunarrýmum miðar við hæsta mælda gildi auk staðalfráviks sem distópiu og lægsta mælda gildi sem útópiu. Þá er skalinn frá 4,6 til 300 þar sem 4,6 gefur skorið 100 og 300 gefur skorið 0.

Af hverju að nota útópiu og distópiu ?

Þegar öll skorin eru sköluð á þennan hátt er auðvelt að sjá hvar má bæta og hvar góðri stöðu sé náð. Utópía á ávallt að vera besta mögulega útkoma og distópía versta mögulega útkoma.

Þar sem margir vísar eru samanburðarvísar, þ.e. miða við mæld gildi annrra sveitarfélaga þá þýðir það að skora 50 alls ekki að sveitarfélagið sé að standa sig illa í þeim lið, en það þýðir að það sé hægt að gera betur.

Formúla fyrir útreikningi vísa

$$\frac{(x - \text{distopia})}{\text{utopa} - \text{distopia}} * 100$$



Vilt þú úttekt?



+ 354 - 8922008



cognitio@cognitio.is



www.socialprogress.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026

Vinum saman að því að búa fólkinu okkar betra líf

Aðstandendur Framfaravogarinnar er SPI á Íslandi c/o Cognitio og er úttektin tekin út af sérfræðingum Social Progress Imperative

Þau sem vinna að úttektinni eru :

Dr. Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
Haraldur J Hannesson, hagfræðingur
Rósbjörg Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

